



A 1829/presidiet

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um túlkun samninga í norrænum rétti

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær taki upp viðræður um upptöku einsleitra lagaákvæða um túlkun samninga í norrænum rétti

Bakgrunnur

Samningalögin á Norðurlöndum, sem eru afrakstur sameiginlegs framtaks á árunum 1915–1920, eru um það bil aldargömul og saman má segja að þau séu krúnudjásn hins samnorræna einkamálaréttar.

Rétt eins og samfélagið breytist samningarétturinn með tímanum. Nú á dögum snúast flest samningaréttarleg ágreiningsefni um túlkun samninga, þ.e. hvernig ákvarða skuli hvað felist í samningi og nákvæmlega hvaða skuldbindingar samningsaðilar hafi undirgengist samkvæmt samningnum. Því miður skortir á að kveðið sé á um þetta í samningalögum á Norðurlöndum.

Æðstu dómstólarnir á Norðurlöndum hafa þróað aðferðir til að segja til um efni samninga sem byggðar eru á fjölmörgum dómum þeirra. Almennt er erfitt að fá yfirsýn yfir réttarsviðið. Fjallað hefur verið um álitaeefnið í ótal bókum, ritgerðum og greinum um lögfræði.

Meira að segja starfandi lögfræðingi er það ærið verkefni að öðlast heildaryfirsýn yfir þær aðferðir sem tíðkast í norrænum rétti út frá júrídískum fræðitextum. Almennum borgara er það nánast ómögulegt. Auk þess er óljóst að hve miklu leyti túlkunaraðferðir hafa þróast hver í sína átt í hverju landi.

Sameiginleg kortlagning og skráning á gildum rétti á þessu sviði veitti kærkomið yfirlit yfir löggjöf sem hefur þjónað norrænu löndunum vel um einnar aldar skeið. Úrbætur á samnorrænum einkamálarétti og réttarhefðum verða að vera forgangsverkefni enda er það í anda 4. greinar Helsingforssamningsins sem er svohljóðandi: „Samningsaðilar skulu halda áfram löggjafarsamstarfi í því skyni að ná sem mestu samræmi á sviði einkamálaréttar.“



ESB, sem í grundvallaratriðum skortir formlega lögsögu innan einkamálaréttar, hefur ekki enn sett reglur um almennan samningarétt ef frá eru taldir neytendasamningar. Norðurlönd hafa því mikið svigrúm til aðgerða á þessu sviði og þar með til að vera í fararbroddi og hafa áhrif á mögulega evrópska samræmingu þegar fram í sækir.

Á grundvelli ofangreinds leggjum við nú til að fest verði í lög einsleit ákvæði um túlkun samninga í norrænum rétti. Hefði það í för með sér gríðarlegan vinnusparnað fyrir starfandi lögræðinga og fyrir almenning myndu lögin betur endurspegla raunveruleikann. Um væri að ræða kærkomna lyftistöng fyrir samnorrænan rétt.

Stokkhólmi, 28. október 2019

<i>Anna Kolbrún Árnadóttir (M)</i>	<i>Jouni Ovaska (Cent)</i>
<i>Arman Teimouri (L)</i>	<i>Ketil Kjenseth (V)</i>
<i>Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)</i>	<i>Kjell-Arne Ottosson (Kd)</i>
<i>Axel Jonsson (ÅF)</i>	<i>Linda Ylivainio (C)</i>
<i>Bertel Haarder (V)</i>	<i>Magnus Ek (C)</i>
<i>Britt Lundberg (ÅC)</i>	<i>Mikael Staffas (Lib)</i>
<i>Edmund Joensen (Sf)</i>	<i>Mikko Kinnunen (Cent)</i>
<i>Grunde Almeland (V)</i>	<i>Mikko Kärnä (Cent)</i>
<i>Guðmundur Ingi Kristinsson (FF)</i>	<i>Nils Sjøberg (RV)</i>
<i>Heli Järvinen (Grön)</i>	<i>Outi Alanko-Kahiluoto (Grön)</i>
<i>Janine Alm Ericsson (MP)</i>	<i>Rebecka Le Moine (MP)</i>
<i>Jaspur Langgaard (Sf)</i>	<i>Silja Dögg Gunnarsdóttir (F)</i>
<i>Joakim Strand (Sfp)</i>	<i>Torhild Bransdal (Krf)</i>